

AUGLÝSING

um samning við Rússland um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins, sem gerður var í New York 24. september 2008, öðlaðist gildi 1. mars 2010.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 28. febrúar 2022.

Bjarni Benediktsson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli
ríkisstjórnar Íslands og
ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Íslands
og Rússneska sambandsríkisins.

SAMNINGSADILARNIR,

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins,

sem vilja stuðla að samgangi á milli manna, sem er grundvallarforsenda fyrir stöðugri þróun tengsla á sviði efnahagsmála, mannúðarmála, menningar og vísinda og annars konar tengsla, með því að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins með gagnkvæmu samkomulagi,

sem hafa í huga nán tengsl milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins sem staðfest eru með ýmsum tvíhliða samningum,

sem viðurkenna þann ásetning að koma á fyrirkomulagi ferðalaga án vegabréfsáritunar milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins,

sem hafa í huga hin nánú tengsl milli Evrópubandalagsins og Íslands, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

sem hafa hliðsjón af samningnum milli Evrópubandalagsins og Rússneska sambandsríkisins frá 25. maí 2006 um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara í Evrópusambandinu og Rússneska sambandsríkinu og sem vísa til sameiginlegrar yfirlýsingar, sem fylgir fyrrnefndum samningi, viðvíkjandi lýðveldinu Íslandi og Konungsríkinu Noregi,

sem viðurkenna að það að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana ætti ekki að leiða til ólöglegs innflutnings fólks og sem gefa öryggismálum og endurvíðtöku sérstakan gaum,

sem hafa í huga samningana milli Íslands og Konungsríkisins Danmerkur og milli Íslands og Lýðveldisins Finnlands um útgáfu vegabréfsáritana fyrir hönd Íslands,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur samnings þessa er að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, með gagnkvæmu samkomulagi, vegna fyrirhugaðrar dvalar í lengst 90 daga á hverju 180 daga tímabili fyrir ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins.

2. gr.

Almennt ákvæði.

1. Sú einföldun málsmeðferðar við útgáfu vegabréfsáritana, sem kveðið er á um í samningi þessum, gildir aðeins gagnvart ríkisborgurum Íslands og Rússneska sambandsríkisins, svo fremi þeir séu ekki undanþegnir kvöðinni um vegabréfsáritun samkvæmt lögum og reglum Íslands og Rússneska sambandsríkisins og ákvæðum samnings þessa eða annarra alþjóðasamninga.
2. Landslög Íslands eða Rússneska sambandsríkisins gilda um mál, sem ákvæði samnings þessa taka ekki til, t.d. synjun um útgáfu vegabréfsáritunar, viðurkenningu ferðaskilríkja, sönnun þess að viðkomandi hafi nægt fé sér til framfærslu og synjun um komu og ráðstafanir vegna brottvísunar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „*ríkisborgari Rússneska sambandsríkisins*“ merkir mann sem er rússneskur ríkisborgari eða hefur öðlast rússneskan ríkisborgararétt í samræmi við löggjöf Rússneska sambandsríkisins,
- b) „*ríkisborgari Íslands*“ merkir mann sem er íslenskur ríkisborgari eða hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt í samræmi við löggjöf landsins,
- c) „*vegabréfsáritun*“ merkir heimild/leyfi, sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið veitir, eða ákvörðun, sem Ísland eða Rússneska sambandsríkið tekur, sem nauðsynleg er vegna:
 - komu til fyrirhugaðrar dvalar sem er lengst 90 dagar alls á Íslandi eða í Rússneska sambandsríkinu,
 - komu til gegnumferðar um yfirráðasvæði Íslands eða Rússneska sambandsríkisins.
- d) „*maður sem hefur löglega búsetu*“ merkir:
 - að því er Ísland varðar, ríkisborgara Rússneska sambandsríkisins sem hefur heimild eða rétt til þess að dvelja lengur en 90 daga á yfirráðasvæði Íslands samkvæmt löggjöf þess.
 - að því Rússneska sambandsríkið varðar, ríkisborgara Íslands sem fengið hefur leyfi til tímabundinnar búsetu, dvalarleyfi eða vegabréfsáritun til þess að stunda nám eða vinnu til lengri tíma en 90 daga í Rússneska sambandsríkinu,
- e) „*Schengen-aðildarríki*“ merkir hvert það ríki sem beitir Schengen-gerðunum til fulls í skilningi samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

4. gr.

Skrifleg sönnunargögn um tilefni ferðar.

1. Fyrir eftirtalda hópa ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins nægja eftirtalin gögn til þess að sýna fram á tilefni ferðar til ríkis hins samningsaðilans:
 - a) fyrir menn í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem beint er til Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, skulu taka þátt í opinberum fundum, samráði, samninga-viðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands:
 - bréf, útgefið af lögbæru yfirvaldi Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, því til staðfestingar að umsækjandi eigi sæti í sendinefnd Rússneska sambandsríkisins eða Íslands og ferðist til yfirráðasvæðis ríkis hins samningsaðilans í því skyni að taka þátt í fyrrnefndum viðburðum, ásamt afriti af hinu opinbera boði,
 - b) fyrir kaupskýslumenn og fulltrúa viðskiptastofnana:
 - skrifleg beiðni frá gestgjafa sem er lögaðili eða félag, stofnun eða skrifstofa eða útibú þeirra, yfirvöld ríkis og sveitarfélaga á Íslandi og í Rússneska sambandsríkinu eða undirbúningsnefndir vöru- og iðnsýninga, ráðstefna og málþinga um viðskipti og atvinnulíf sem fara fram á yfirráðasvæðum Íslands eða Rússneska sambandsríkisins,
 - c) fyrir öikumenn sem annast vöru- og farþegaflutninga milli landa, þ.e. milli yfirráðasvæða Rússneska sambandsríkisins og aðildarríkja ESB, með ökutækjum sem eru skráð í aðildarríkjum ESB eða Rússneska sambandsríkinu:
 - skrifleg beiðni frá landssamtökum (sambandi) flutningafyrirtækja í Rússneska sambandsríkinu eða landssamtökum flutningafyrirtækja í aðildarríkjunum, sem annast flutninga á vegum landa á milli, þar sem fram kemur tilgangur ferðanna, lengd þeirra og tíðni,
 - d) fyrir blaðamenn:
 - vottorð eða annað skjal sem fagfélag gefur út því til staðfestingar að viðkomandi hafi starfsréttindi sem blaðamaður og skjal útgefið af vinnuveitanda viðkomandi þar sem kemur fram að tilgangur ferðarinnar sé að sinna starfi blaðamanns,
 - e) fyrir þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. skiptiáætlanir háskóla og aðrar skiptiáætlanir:
 - skrifleg beiðni frá hlutaðeigandi gististofnun um þátttöku í fyrrnefndri starfsemi,

- f) fyrir nemendur, háskólanema, háskólanema í framhaldsnámi og kennara til fylgdar, sem ferðast í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun, m.a. innan ramma skiptiáætlana og annars skólastarfs:
- skrifleg beiðni eða innritunarvottorð frá gistiháskóla, -akademíu, -stofnun, -menntastofnun eða -skóla eða nemendakort eða vottorð viðvíkjandi þeim námskeiðum sem viðkomandi hyggst sækja,
- g) fyrir keppendur á alþjóðlegum íþróttaviðburðum og fagfólk sem þeim fylgir:
- skrifleg beiðni frá hlutaðeigandi gististofnun: lögbærum yfirvöldum, íþróttasambandi Íslands eða Rússneska sambandsríkisins og Ólympíunefnd Íslands eða Rússneska sambandsríkisins,
- h) fyrir þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabæir standa að:
- skrifleg beiðni hæstráðanda/bæjarstjóra fyrrnefndra bæja,
- i) fyrir nákomna ættingja – maka, börn (einnig ættleidd), foreldra (einnig forráðamenn), afa, ömmur og barnabörn – sem heimsækja ríkisborgara Íslands eða Rússneska sambandsríkisins sem hafa löglega búsetu á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands:
- skrifleg beiðni frá hlutaðeigandi gestgjafa,
- j) fyrir heimsóknir í því skyni að vitja um hermannaGRAFREITI eða almenna grafreiti:
- opinbert skjal sem staðfestir að viðkomandi gröf fyrirfinnist og sé varðveitt og hvaða fjölskyldutengsl eða önnur tengsl eru milli umsækjandans og þess sem þar hvílir.
2. Í skriflegu beiðninni, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, komi eftirfarandi fram:
- a) að því er varðar þann sem er boðið – eiginnafn og kenninamn, fæðingardagur og –ár, kyn, ríkisfang, númer persónuskilríkis, hvenær ferðin er farin og í hvaða tilgangi, hversu oft komið er til landsins og nöfn ólögráða barna sem fylgja þeim sem er boðið,
- b) að því er gestgjafann varðar – eiginnafn, kenninamn og heimilisfang eða
- c) að því er varðar gestgjafa sem er lögaðili, félag eða stofnun – fullt heiti og heimilisfang og
- ef beiðnin kemur frá stofnun, nafn og staða þess sem undirritar beiðnina,
 - ef gestgjafinn er lögaðili eða félag eða skrifstofa eða útibú þeirra með staðfestu á yfirráðasvæði Íslands, skráningarnúmer hans, sem gerð er krafa um samkvæmt landslögum Íslands,
 - ef gestgjafinn er lögaðili eða félag eða skrifstofa eða útibú þeirra með staðfestu á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins, skattanúmer hans.
3. Að því er varðar þá hópa ríkisborgara, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru allir flokkar vegabréfsáritana gefnir út samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð, án þess að krafa sé gerð um frekari rökstuðning, heimboð eða staðfestingu á tilgangi ferðarinnar, eins og kveðið er á um í löggjöf samningsaðilanna.

5. gr.

Útgáfa vegabréfsáritana sem gilda fyrir fleiri en eina komu.

1. Sendiráð og ræðisskrifstofur Íslands og Rússneska sambandsríkisins skulu gefa út vegabréfsáritanir, sem gilda fyrir fleiri en eina komu, með allt að fimm ára gildistíma, fyrir eftirtalda hópa ríkisborgara:
- a) þá sem sitja í ríkis- og héraðsstjórnnum og á þingi, dómara við stjórnlagadómstóla og hæstaréttardómara, ef þeir eru ekki undanþegnir kvöðinni um vegabréfsáritun samkvæmt ákvæðum samnings þessa, er þeir gegna skyldustörfum sínum og skal gildistími fyrrnefndra vegabréfsáritana takmarkast við skipunartíma þeirra sé hann skemmri en fimm ár,
- b) maka og börn (einnig ættleidd), sem eru yngri en 21 árs eða á framfæri viðkomandi, sem heimsækja ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins sem hafa löglega búsetu á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands og skal gildistími fyrrnefndra vegabréfsáritana takmarkast við gildistíma leyfis þeirra til löglegrar búsetu.
2. Sendiráð og ræðisskrifstofur Íslands og Rússneska sambandsríkisins skulu gefa út vegabréfsáritanir, sem gilda fyrir fleiri en eina komu, með gildistíma í allt að eitt ár, fyrir eftirtalda hópa ríkisborgara, að því tilskildu að þeir hafi, á næstliðnu ári, fengið að minnsta kosti eina vegabréfsáritun, hafi nýtt sér hana í samræmi við lög um komu og dvöl á yfirráðasvæði þess ríkis sem er

heimsótt og að ástæður séu fyrir því að óskað er eftir vegabréfsáritun sem gildir fyrir fleiri en eina komu:

- a) menn í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem beint er til Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, skulu taka þátt í opinberum fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands,
 - b) kaupsýslumenn og fulltrúa viðskiptastofnana sem ferðast reglulega til Íslands eða Rússneska sambandsríkisins,
 - c) ökumenn sem annast vöru- og farþegaflutninga milli landa, þ.e. milli yfirráðasvæða Rússneska sambandsríkisins og aðildarríkja ESB, með ökutækjum sem eru skráð í aðildarríkjum ESB eða Rússneska sambandsríkinu,
 - d) þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. skiptiáætlanir háskóla og aðrar skiptiáætlanir, og ferðast reglulega til Íslands eða Rússneska sambandsríkisins,
 - e) keppendur á alþjóðlegum íþróttaviðburðum og fagfólk sem þeim fylgir,
 - f) blaðamenn,
 - g) þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabæir standa að.
3. Sendiráð og ræðisskrifstofur Íslands og Rússneska sambandsríkisins skulu gefa út vegabréfsáritanir, sem gilda fyrir fleiri en eina komu, með gildistíma í a.m.k. tvö ár en lengst í fimm ár, fyrir þá hópa ríkisborgara sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að þeir hafi, á næstliðnum tveimur árum, nýtt sér vegabréfsáritanir fyrir fleiri en eina komu með gildistíma í eitt ár, í samræmi við lög um komu og dvöl á yfirráðasvæði þess ríkis sem er heimsótt og að ástæður fyrir því að óskað er eftir vegabréfsáritun, sem gildir fyrir fleiri en eina komu, séu enn góðar og gildar.
 4. Samanlagður dvalartími þeirra, er um getur í 1.–3. mgr. þessarar greinar, skal ekki vera lengri en 90 dagar á 180 daga tímabili á yfirráðasvæði Íslands og sérhvers annars Schengen-aðildarríkis eða Rússneska sambandsríkisins.

6. gr.

Gjöld fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana.

1. Gjald fyrir afgreiðslu vegabréfsáritunar skal nema 35 €. Heimilt er að endurskoða fyrrnefnda fjárhæð samkvæmt því verklagi sem kveðið er á um í 4. mgr. 14. gr.
2. Samningsaðilarnir skulu taka gjald, sem nemur 70 €, fyrir að afgreiða vegabréfsáritun ef umsækjandi hefur sent umsókn sína, ásamt fylgiskjölum, innan þriggja daga fyrir fyrirhugaðan brottfarardag. Þetta ákvæði gildir ekki um tilvik skv. b-, e- og f-lið 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. þessa samnings.
3. Gjöld fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana eru felld niður fyrir eftirtalda hópa:
 - a) nákomna aðstandendur - maka, börn (einnig ættleidd), foreldra (einnig forráðamenn), afa, ömmur og barnabörn - ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins sem hafa löglega búsetu á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands,
 - b) menn í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem beint er til Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, skulu taka þátt í fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands,
 - c) þá sem sitja í ríkis- og héraðsstjórnnum og á þingi, dómara við stjórnlagadómstóla og hæstaréttardómara, ef þeir eru ekki undanþegnir kvöðinni um vegabréfsáritun samkvæmt ákvæðum samnings þessa,
 - d) nemendur, háskólanema, háskólanema í framhaldsnámi og kennara til fylgdar, sem ferðast í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun,
 - e) fatlaða og fylgdarmenn þeirra, ef nauðsyn krefur,
 - f) þá sem hafa lagt fram skjöl sem færa sönnur á nauðsyn ferðar þeirra af mannúðarástæðum, meðal annars til þess að fá brýna lækni meðferð, og gildir hið sama um fylgdarmann

hlutaðeigandi, eða í því skyni að fylgja nánnum aðstandenda til grafar eða að heimsækja náinn aðstandanda sem er alvarlega veikur,

- g) þátttakendur í alþjóðlegum íþróttaviðburðum æskufólks og fylgdarmenn þeirra,
- h) þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. skiptiáætlanir háskóla og aðrar skiptiáætlanir,
- i) þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabærir standa að.

7. gr.

Afgreiðslutími vegabréfsáritana.

1. Sendiráð og ræðisskrifstofur Íslands og Rússneska sambandsríkisins skulu taka ákvörðun um beiðni um útgáfu vegabréfsáritunar innan 10 almanaksdaga frá viðtökudegi umsóknar og skjala sem krafist er til útgáfu vegabréfsáritunarinnar.
2. Í einstaka tilvikum er heimilt að lengja afgreiðslutíma umsóknar um vegabréfsáritun í allt að 30 almanaksdaga, einkum þegar frekari athugunar á umsókn er þörf.
3. Í bráðatilvikum er heimilt að stytta afgreiðslutíma umsóknar um vegabréfsáritun í þrjá virka daga eða skemur.

8. gr.

Brottför þegar skilríki hafa týnst eða þeim hefur verið stolið.

Ríkisborgurum Íslands og Rússneska sambandsríkisins, sem týna persónuskilríkjum sínum eða sem slíkum skilríkjum er stolið frá meðan á dvöl þeirra á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands stendur, er heimilt að yfirgefa það yfirráðasvæði með því að framvísa gildum persónuskilríkjum sem veita rétt til þess að fara yfir viðkomandi landamæri og sendiráð eða ræðisskrifstofur Íslands eða Rússneska sambandsríkisins gefa út án vegabréfsáritunar eða annarrar heimildar.

9. gr.

Framlenging vegabréfsáritunar í undantekningartilvikum.

Framlengja ber gildistíma vegabréfsáritana ríkisborgara Íslands og Rússneska sambandsríkisins, sem eiga þess ekki kost að yfirgefa yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins og Íslands fyrir þann tíma sem er tilgreindur í vegabréfsáritunum þeirra vegna óviðráðanlegra atvika, þeim að kostnaðarlausu, í samræmi við þá löggjöf sem viðtökurikið beitir, um þann tíma sem nauðsynlegur er til að þeir geti snúið aftur til þess ríkis þar sem þeir hafa búsetu.

10. gr.

Málsmeðferð við skráningu.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að gera ráðstafanir hið fyrsta til að einfalda málsmeðferð við skráningu, með það fyrir augum að ríkisborgarar Íslands og ríkisborgarar Rússneska sambandsríkisins megi fá jafna meðferð, að því er varðar málsmeðferð við skráningu, meðan þeir dvelja á yfirráðasvæði Íslands annars vegar eða Rússneska sambandsríkisins hins vegar.

11. gr.

Diplómatísk vegabréf.

1. Ríkisborgurum Íslands eða Rússneska sambandsríkisins, sem eru handhafar gildra diplómatískra vegabréfa, er heimilt að koma inn á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins eða Íslands, fara þaðan eða fara þar í gegn án vegabréfsáritana.
2. Samanlagður dvalartími ríkisborgara, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ekki vera lengri en 90 dagar á 180 daga tímabili á yfirráðasvæði Íslands og annarra Schengen-aðildarríkja eða Rússneska sambandsríkisins.

12. gr.

Jafn réttur til ferðalaga.

Með fyrirvara um innlend ákvæði og reglugerðir varðandi þjóðaröryggi Íslands og Rússneska sambandsríkisins skal ríkisborgurum Íslands og Rússneska sambandsríkisins heimilt að ferðast innan yfirráðasvæðis Rússneska sambandsríkisins og Íslands, til jafns við rússneska og íslenska ríkisborgara.

13. gr.

Samráð.

Halda skal samráðsfundi aðila þegar og ætíð er nauðsyn krefur, að beiðni annars samningsaðilans, til þess að ræða beitingu samnings þessa.

14. gr.

Lokaákvæði.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við málsmeðferð hvors um sig og skal hann öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag þegar samningsaðilarnir tilkynna hvor öðrum að málsmeðferðinni, er um getur hér að framan, sé lokið.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar öðlast samningur þessi fyrst gildi þann dag þegar samningurinn milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku öðlast gildi, ef það er eftir þann dag er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Samningur þessi er gerður til óákveðins tíma nema honum sé sagt upp í samræmi við ákvæði 6. mgr. þessarar greinar.
4. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi samningsaðilanna. Breytingar öðlast gildi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að innlendri málsmeðferð vegna þeirra sé lokið.
5. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að nema samning þennan úr gildi tímabundið, í heild eða að hluta, af ástæðum er varða vernd þjóðaröryggis, allsherjarreglu eða vernd lýðheilsu. Ákvörðun um tímabundið afnám skal tilkynna hinum samningsaðilanum eigi síðar en 48 klukkustundum áður en hún öðlast gildi. Samningsaðili, sem hefur numið samning þennan tímabundið úr gildi, skal tilkynna hinum samningsaðilanum án tafar um það þegar ástæður fyrir fyrrnefndu afnámi gilda ekki lengur.
6. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningur þessi fellur úr gildi 90 dögum eftir þann dag þegar slíkri tilkynningu er veitt viðtaka.

Gjört í New York hinn 24. september 2008 á ensku, íslensku og rússnesku, í tvíriti á hverju tungumáli og eru allir textar jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
utanríkisráðherra

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sambandsríkisins

Sergei Lavrov
utanríkisráðherra

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
VARÐANDI 11. GR. SAMNINGSINS UM DIPLOMATÍSK VEGABRÉF

Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að bera fyrir sig tímabundið afnám samningsins að hluta, einkum ákvæði 11. gr., samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er sett fram í 5. mgr. 14. gr. samnings þessa, misbeiti hinn samningsaðilinn ákvæðum 11. gr. eða ef beiting þeirra leiðir til þess að almannaöryggi sé ógnað.

Komi til þess að beitingu ákvæða 11. gr. sé hætt tímabundið skulu báðir samningsaðilar hefja samráð í því skyni að leysa þann vanda sem til þess leiddi.

Báðir samningsaðilar skuldbinda sig fyrst og fremst til þess að tryggja öryggi skilríkja til hins ítrasta að því er diplómatísk vegabréf varðar, einkum með því að fella lífkenni inn í þau. Að því er varðar Ísland verður fyrrnefnt öryggi tryggt í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 2252/2004.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
VARÐANDI ÚTGÁFU VEGABRÉFSÁRITANA TIL STUTTRAR DVALAR
VEGNA HEIMSÓKNA TIL AÐ VITJA UM HERMANNAGRAFREITI
OG ALMENNA GRAFREITI

Samningsaðilar samþykkja að almennt skuli gefa út vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar fyrir þá, sem vitja um hermannagrafreiti og almenna grafreiti, með gildistíma í allt að 14 daga.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
UM SAMRÆMINGU UPPLÝSINGA UM VERKLAG VIÐ ÚTGÁFU
VEGABRÉFSÁRITANA TIL STUTTRAR DVALAR OG UM SKJÖL
SEM LEGGJA BER FRAM ÞEGAR SÓTT ER
UM SLÍKAR VEGABRÉFSÁRITANIR

Aðilar að samningi þessum, sem gera sér grein fyrir mikilvægi þess að umsóknarferlið sé gagnsætt fyrir þá sem sækja um vegabréfsáritanir, telja að gera skuli viðeigandi ráðstafanir:

- almennt, að taka saman grunnupplýsingar fyrir umsækjendur um verklag sem ber að fylgja þegar sótt er um vegabréfsáritanir og um þau skilyrði sem þarf að uppfylla, upplýsingar um vegabréfsáritanir og um gildi þeirra vegabréfsáritana sem eru gefnar út,
- að hvor samningsaðili um sig taki saman skrá um lágmarkskröfur til þess að tryggt sé að umsækjendur fái samfelldar og samræmdar grunnupplýsingar og að gerð sé krafa um að þeir leggi fram, í meginatriðum, sambærileg fylgiskjöl.

Dreifra ber þeim upplýsingum, er um getur hér að framan, sem víðast (á upplýsingatöflum ræðis-skrifstofa, í bæklingum, á vefsetrum á Netinu o.s.frv.).

AGREEMENT

between

the Government of Iceland and
the Government of the Russian Federation
on the facilitation of the issuance of visas
to the citizens of Iceland and the Russian Federation

THE PARTIES,

THE GOVERNMENT OF ICELAND and THE GOVERNMENT OF THE RUSSIAN
FEDERATION,

Desiring to facilitate people to people contacts as an important condition for a steady development of economic, humanitarian, cultural, scientific and other ties, by facilitating the issuing of visas to the citizens of Iceland and the Russian Federation on the basis of reciprocity;

Bearing in mind close relations of Iceland and the Russian Federation confirmed by various bilateral agreements,

Recognising the intention to establish a visa-free travel regime between Iceland and the Russian Federation,

Considering the close relationship between the European Community and Iceland, particularly by virtue of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen Acquis,

Having regard to the Agreement between the European Community and the Russian Federation of 25 May 2006 on the facilitation of the issuance of visas to the citizens of the European Union and the Russian Federation and referring to a Joint Declaration to that Agreement concerning the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway,

Recognising that facilitation of the issuance of visas should not lead to illegal migration and paying special attention to security and readmission;

Bearing in mind the Agreements between Iceland and the Kingdom of Denmark and between Iceland and the Republic of Finland on issuance of visas on behalf of Iceland,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Purpose and scope of application

The purpose of this Agreement is to facilitate, on the basis of reciprocity, the issuance of visas for an intended stay of no more than 90 days per period of 180 days to the citizens of Iceland and the Russian Federation.

Article 2

General clause

1. The visa facilitations provided in this Agreement shall apply to citizens of Iceland and of the Russian Federation only insofar as they are not exempted from the visa requirement by the laws and regulations of Iceland and of the Russian Federation, the present Agreement or other international agreements.
2. The national law of Iceland or of the Russian Federation shall apply to issues not covered by the provisions of this Agreement, such as the refusal to issue a visa, recognition of travel documents, proof of sufficient means of subsistence and the refusal of entry and expulsion measures.

Article 3
Definitions

For the purpose of this Agreement:

- a) “*Citizen of the Russian Federation*” shall mean a person, who possesses or has acquired citizenship of the Russian Federation in accordance with its national legislation.
- b) “*Citizen of Iceland*” shall mean a person, who possesses or has acquired citizenship of Iceland in accordance with its national legislation.
- c) “*Visa*” shall mean an authorization/permission issued or a decision taken by Iceland or by the Russian Federation which is required with a view to:
 - entry for an intended stay of no more than 90 days in total in Iceland or in the Russian Federation,
 - entry for transit through the territory of Iceland or of the Russian Federation.
- d) “legally residing person” shall mean:
 - for Iceland, a citizen of the Russian Federation authorized or entitled to stay for more than 90 days in the territory of Iceland, on the basis of national legislation.
 - for the Russian Federation, a citizen of Iceland who acquired a permission for temporary residing, a residence permit or an educational or working visa for a period of more than 90 days in the Russian Federation;
- e) “Schengen Member State” shall mean any state applying the Schengen acquis in full within the meaning of the Agreement of 18 May 1999 concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning their Association with the implementation, application and development of the Schengen Acquis.

Article 4

Documentary evidence regarding the purpose of the journey

1. For the following categories of Iceland and of citizens of the Russian Federation, the following documents are sufficient for justifying the purpose of the journey to the state of the other Party:
 - a) for members of official delegations who, following an official invitation addressed to Iceland or the Russian Federation, shall participate in official meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of the Russian Federation or Iceland by intergovernmental organisations:
 - a letter issued by a competent authority of Iceland or of the Russian Federation, confirming that the applicant is a member of its delegation travelling to the territory of the state of the other Party to participate at the aforementioned events, accompanied by a copy of the official invitation;
 - b) for business people and representatives of business organisations:
 - a written request from a host legal person or company, organisation, or an office or their branches, state and local authorities of Iceland and the Russian Federation or organizing committees of trade and industrial exhibitions, conferences and symposia held in the territories of Iceland or the Russian Federation;
 - c) for drivers conducting international cargo and passenger transportation services between the territories of the Russian Federation and the EU Member States in vehicles registered in the EU Member States or in the Russian Federation:
 - a written request from the national association (union) of carriers of the Russian Federation or the national associations of carriers of the Member States providing for international road transportation, stating the purpose, duration and frequency of the trips;
 - d) for journalists:
 - a certificate or other document issued by a professional organisation proving that the person concerned is a qualified journalist and a document issued by his/her employer stating that the purpose of the journey is to carry out journalistic work;
 - e) for persons participating in scientific, cultural and artistic activities, including university and other exchange programmes:
 - a written request from the host organisation to participate in those activities;

- f) for pupils, students, post-graduate students and accompanying teachers who undertake trips for the purposes of study or educational training, including in the framework of exchange programmes as well as other school related activities:
 - a written request or a certificate of enrolment from the host university, academy, institute, college or school or student cards or certificates of the courses to be attended.
 - g) for participants in international sports events and persons accompanying them in a professional capacity:
 - a written request from the host organisation: competent authorities, national sport Federations of Iceland or the Russian Federation and National Olympic Committee of Iceland or of the Russian Federation;
 - h) for participants in official exchange programmes organised by twin cities:
 - a written request of the Head of Administration/Mayor of these cities.
 - i) for close relatives - spouses, children (including adopted), parents (including custodians), grandparents and grandchildren - visiting citizens of Iceland or the Russian Federation legally residing in the territory of the Russian Federation or Iceland:
 - a written request from the host person.
 - j) for visiting military and civil burial grounds:
 - an official document confirming the existence and preservation of the grave as well as family or other relationship between the applicant and the buried.
2. The written request mentioned in paragraph 1 of this Article shall contain the following items:
- a) for the invited person - name and surname, date of birth, sex, citizenship, number of the identity document, time and purpose of the journey, number of entries and name of minor children accompanying the invited person;
 - b) for the inviting person - name, surname and address or
 - c) for the inviting legal person, company or organisation - full name and address and
 - if the request is issued by an organisation, the name and position of the person who signs the request;
 - if the inviting person is a legal person or company or an office or their branch established in the territory of Iceland, the registration number as required by the national law of Iceland;
 - if the inviting person is a legal person or company or an office or their branch established in the territory of the Russian Federation, the tax identification number.
3. For the categories of citizens mentioned in paragraph 1 of this Article, all categories of visas are issued according to the simplified procedure without requiring any other justification, invitation or validation concerning the purpose of the journey, provided for by the legislation of the Parties.

Article 5

Issuance of multiple-entry visas

1. Diplomatic missions and consular posts of Iceland and of the Russian Federation shall issue multiple-entry visas with the term of validity of up to five years to the following categories of citizens:
- a) members of national and regional Governments and Parliaments, Constitutional Courts and Supreme Courts, if they are not exempted from the visa requirement by the present Agreement, in the exercise of their duties, with a term of validity limited to their term of office if this is less than 5 years;
 - b) spouses and children (including adopted), who are under the age of 21 or are dependant, visiting citizens of Iceland and the Russian Federation legally residing in the territory of the Russian Federation or Iceland, with the term of validity limited to the duration of the validity of their authorisation for legal residence.
2. Diplomatic missions and consular posts of Iceland and of the Russian Federation shall issue multiple-entry visas with the term of validity of up to one year to the following categories of citizens, provided that during the previous year they have obtained at least one visa, have made

use of it in accordance with the laws on entry and stay in the territory of the visited State and that there are reasons for requesting a multiple-entry visa:

- a) for members of official delegations who, following an official invitation addressed to Iceland or the Russian Federation, shall participate in official meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of the Russian Federation or Iceland by intergovernmental organisations;
 - b) business people and representatives of business organisations who regularly travel to Iceland or the Russian Federation;
 - c) drivers conducting international cargo and passenger transportation services between the territories of the Russian Federation and the EU Member States in vehicles registered in the EU Member States or the Russian Federation;
 - d) persons participating in scientific, cultural and artistic activities, including university and other exchange programmes, who regularly travel to Iceland or the Russian Federation;
 - e) participants in international sports events and persons accompanying them in a professional capacity;
 - f) journalists;
 - g) participants in official exchange programmes organised by twin cities.
3. Diplomatic missions and consular posts of Iceland and of the Russian Federation shall issue multiple-entry visas with the term of validity of a minimum of 2 years and a maximum of 5 years to the categories of citizens referred to in paragraph 2 of this Article, provided that during the previous two years they have made use of the one year multiple-entry visas in accordance with the laws on entry and stay in the territory of the visited State and that the reasons for requesting a multiple-entry visa are still valid.
 4. The total period of stay of persons referred to in paragraphs 1 to 3 of this Article shall not exceed 90 days per period of 180 days in the territory of Iceland and any other Schengen Member State or the Russian Federation.

Article 6

Fees for processing visa applications

1. The fee for processing visa applications shall amount to 35 €. The aforementioned amount may be reviewed in accordance with the procedure provided for in Article 14(4).
2. The Parties shall charge a fee of 70 € for processing visas in cases where the visa application and the supporting documents have been submitted by the visa applicant within three days before his/her envisaged date of departure. This will not apply to cases pursuant to Article 6(3), (b), (e) and (f) and Article 7(3) of the current Agreement.
3. Fees for processing the visa application are waived for the following categories of persons:
 - a) for close relatives - spouses, children (including adopted) parents (including custodians), grandparents and grandchildren-of citizens of Iceland and of the Russian Federation legally residing in the territory of the Russian Federation or Iceland;
 - b) for members of official delegations who, following an official invitation addressed to Iceland or the Russian Federation, shall participate in official meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of the Russian Federation or Iceland by intergovernmental organisations;
 - c) members of national and regional Governments and Parliaments, Constitutional Courts and Supreme Courts, if they are not exempted from the visa requirement by the present Agreement;
 - d) pupils, students, post-graduate students and accompanying teachers who undertake trips for the purpose of study or educational training;
 - e) disabled persons and the person accompanying them, if necessary;
 - f) persons who have presented documents proving the necessity of their travel on humanitarian grounds, including to receive urgent medical treatment and the person accompanying such person, or to attend a funeral of a close relative, or to visit a close relative seriously ill;

- g) participants in youth international sports events and persons accompanying them.
- h) persons participating in scientific, cultural and artistic activities including university and other exchange programmes;
- i) participants in official exchange programmes organised by twin cities.

Article 7

Length of procedures for processing visa applications

1. Diplomatic missions and consular posts of Iceland and the Russian Federation shall take a decision on the request to issue a visa within 10 calendar days of the date of the receipt of the application and documents required for issuing the visa.
2. The period of time for taking a decision on a visa application may be extended up to 30 calendar days in individual cases, notably when further scrutiny of the application is needed.
3. The period of time for taking a decision on a visa application may be reduced to 3 working days or less in urgent cases.

Article 8

Departure in case of lost or stolen documents

Citizens of Iceland and of the Russian Federation who have lost their identity documents, or from whom these documents have been stolen while staying in the territory of the Russian Federation or Iceland, may leave that territory on the grounds of valid identity documents entitling to cross the border issued by diplomatic missions or consular posts of Iceland or of the Russian Federation without any visa or other authorization.

Article 9

Extension of visa in exceptional circumstances

The citizens of Iceland and of the Russian Federation who do not have the possibility to leave the territory of the Russian Federation and Iceland by the time stated in their visas for reasons of *force majeure* shall have the term of their visas extended free of charge in accordance with the legislation applied by the receiving State for the period required for their return to the State of their residence.

Article 10

Registration procedures

The Parties agree to undertake measures as soon as possible to simplify the procedures of registration, with the view to entitle the citizens of Iceland and the citizens of the Russian Federation to the equal treatment regarding registration procedures while staying in the territory of the Russian Federation or of Iceland, respectively.

Article 11

Diplomatic passports

1. Citizens of Iceland or the Russian Federation, holders of valid diplomatic passports can enter, leave and transit through the territories of the Russian Federation or Iceland without visas.
2. The total period of stay of citizens mentioned in paragraph 1 of this Article shall not exceed 90 days per period of 180 days in the territory of Iceland and other Schengen Member States or the Russian Federation.

Article 12

Equal basis of travel

Subject to the national rules and regulations concerning national security of Iceland and of the Russian Federation, the citizens of Iceland and the Russian Federation shall be entitled to travel within the territory of the Russian Federation and Iceland on equal basis with Russian and Icelandic citizens.

Article 13

Joint consultations.

Joint consultations shall be held when and whenever necessary at the request of one of the Parties to discuss the application of this Agreement.

Article 14

Final clauses

1. This Agreement shall be ratified or approved by the Parties in accordance with their respective procedures and shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Parties notify each other that the procedures referred to above have been completed.
2. By way of derogation to paragraph 1 of this Article, the present agreement shall only enter into force at the date of the entry into force of the agreement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation on readmission if this date is after the date provided for in paragraph 1 of this Article.
3. This Agreement is concluded for an indefinite period of time, unless terminated in accordance with paragraph 6 of this Article.
4. This Agreement may be amended by written agreement of the Parties. Amendments shall enter into force after the Parties have notified each other of the completion of their internal procedures necessary for this purpose.
5. Each Party may suspend in whole or in part this Agreement for reasons of protection of national security, public order or protection of public health. The decision on suspension shall be notified to the other Party not later than 48 hours before its entry into force. The Party that has suspended the application of this Agreement shall immediately inform the other Party once the reasons for the suspension no longer apply.
6. Each Party may terminate this Agreement by giving written notice to the other Party. This Agreement shall cease to be in force 90 days after the date of receipt of such notification.

Done in New York on 24 September in the year 2008 in duplicate each in the English, Icelandic and Russian languages, each of these texts being equally authentic. In case of any differences in interpretation the English text shall prevail.

For the Government of Iceland

For the Government of the Russian Federation

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Minister for Foreign Affairs

Sergei Lavrov
Minister for Foreign Affairs

JOINT DECLARATION ON ARTICLE 11 OF THE AGREEMENT
ON DIPLOMATIC PASSPORTS

Each Party may invoke a partial suspension of the agreement and in particular of Article 11, in accordance with the procedure set up by Article 14 (5) of this Agreement, if the implementation of Article 11 is abused by the other Party or leads to a threat to public security.

If the implementation of Article 11 is suspended, both Parties shall initiate consultations with a view to solve the problems that lead to the suspension.

As a priority, both Parties declare their commitment to ensure a high level of document security for diplomatic passports, in particular by integrating biometric identifiers. For Iceland, this will be ensured in compliance with the requirements set out in Regulation (EC) 2252/2004.

JOINT DECLARATION ON ISSUANCE OF SHORT-STAY VISAS
FOR VISITS TO MILITARY AND CIVIL BURIAL GROUNDS

The Parties agree that, as a rule, short-stay visas for persons visiting military and civil burial grounds shall be issued for a period of up to 14 days.

JOINT DECLARATION ON THE HARMONISATION OF INFORMATION ON PROCEDURES
FOR ISSUING SHORT STAY VISA AND DOCUMENTS TO BE SUBMITTED
WHEN APPLYING FOR SHORT STAY VISAS

Recognizing the importance of transparency for visa applicants, the Parties to the present Agreement consider that appropriate measures should be taken:

- In general, to draw up basic information for applicants on the procedures and conditions for applying for visas, the visas and on the validity of visas issued.
- Each Party, on its own, to draw up a list of minimum requirements in order to ensure that applicants are given coherent and uniform basic information and are required to submit, in principle, the same supporting documents.

The information mentioned above is to be disseminated widely (on the information board of consulates, in leaflets, on websites in the Internet etc.).